**148. löggjafarþing 2017–2018.**
**Þingskjal 1055 — 373. mál.**

# Svar

**mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra og ráðuneytisstjóra.**

1. *Hver var frá árinu 2006 árlegur fjöldi ferða mennta- og menningarmálaráðherra (áður menntamálaráðherra) annars vegar og hins vegar ráðuneytisstjóra til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytisins?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda ferða ráðherra og ráðuneytisstjóra til útlanda á vegum ráðuneytisins á árunum 2006–2017.

| | Fjöldi ferða ráðherra | Fjöldi ferða ráðuneytisstjóra |
|---|---|---|
| 2006 | 10 | 9 |
| 2007 | 13 | 10 |
| 2008 | 12 | 10 |
| 2009 | 4 | 3 |
| 2010 | 2 | 6 |
| 2011 | 2 | 6 |
| 2012 | 7 | 7 |
| 2013 | 5 | 6 |
| 2014 | 5 | 3 |
| 2015 | 11 | 12 |
| 2016 | 15 | 10 |
| 2017 | 5 | 11 |

2. *Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga hvors um sig vegna þessara ferða?*

Eftirfarandi tafla sýnir árlegar greiðslur dagpeninga skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra á árunum 2006–2017.

| | Dagpeningar ráðherra | Dagpeningar ráðuneytisstjóra |
|---|---|---|
| 2006 | 719.912 | 589.295 |
| 2007 | 930.875 | 608.734 |
| 2008 | 1.283.633 | 1.101.467 |
| 2009 | 298.185 | 310.342 |
| 2010 | 133.467 | 705.833 |
| 2011 | 136.722 | 442.762 |
| 2012 | 385.371 | 453.840 |
| 2013 | 418.114 | 456.236 |
| 2014 | 326.281 | 145.224 |
| 2015 | 1.086.467 | 1.156.004 |
| 2016 | 1.538.651 | 612.007 |
| 2017 | 345.752 | 729.262 |

3. *Hversu oft á hverju ári fengu ráðherra og ráðuneytisstjóri $^{1}/_{3}$ hluta dagpeninga og hve oft $^{2}/_{3}$ hluta?*

Eftirfarandi tafla sýnir hversu oft á ári hverju ráðherra og ráðuneytisstjóri fengu greidda $^{1}/_{3}$ hluta dagpeninga og hve oft þeir fengu $^{2}/_{3}$ hluta dagpeninga.

| | $^{1}/_{3}$ hluti dagpeninga ráðherra | $^{2}/_{3}$ hluti dagpeninga ráðherra | $^{1}/_{3}$ hluti dagpeninga ráðuneytisstjóra | $^{2}/_{3}$ hluti dagpeninga ráðuneytisstjóra |
|---|---|---|---|---|
| 2006 | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| 2007 | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| 2008 | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| 2009 | 0 | 4 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2010 | 0 | 2 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2011 | 0 | 2 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2012 | 0 | 7 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2013 | 0 | 5 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2014 | 0 | 5 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2015 | 0 | 11 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2016 | 0 | 15 | Á ekki við | Á ekki við |
| 2017 | 0 | 5 | Á ekki við | Á ekki við |

4. *Hverjar voru árlegar fjárhæðir, skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra, vegna hótelgistingar þeirra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?*

Eftirfarandi tafla sýnir árlegar fjárhæðir skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna hótelgistingar þeirra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar á árunum 2006–2017.

| | Hótelkostnaður ráðherra | Ferðakostnaður ráðherra | Hótelkostnaður ráðuneytisstjóra | Ferðakostnaður ráðuneytisstjóra |
|---|---|---|---|---|
| 2006 | 175.101 | 1.256.850 | 468.919 | 936.330 |
| 2007 | 916.878 | 1.402.140 | 568.539 | 1.183.380 |
| 2008 | 606.562 | 2.524.308 | 565.474 | 2.268.730 |
| 2009 | 369.986 | 454.340 | 183.992 | 476.580 |
| 2010 | 85.025 | 215.768 | 168.713 | 811.737 |
| 2011 | 116.385 | 236.230 | 280.136 | 741.341 |
| 2012 | 216.977 | 735.334 | 483.340 | 818.177 |
| 2013 | 327.103 | 847.169 | 252.939 | 825.199 |
| 2014 | 351.709 | 1.004.795 | 218.341 | 322.181 |
| 2015 | 1.189.936 | 1.927.583 | 853.855 | 2.287.714 |
| 2016 | 1.513.150 | 2.262.826 | 586.919 | 1.251.129 |
| 2017 | 333.273 | 632.408 | 386.048 | 1.345.894 |

5. *Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra eða ráðuneytisstjóra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytisins og í hve mörgum tilfellum endurgreiddu þeir þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?*

Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1281/2014, um bifreiðamál ríkisins, kemur fram að ríkið eigi að leggja ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið til afnota vegna starfa þeirra. Af því leiðir að ráðherra er jafnan ekið til flugvallar í bifreið ráðuneytisins. Í undantekningartilvikum er ráðuneytisstjóri samferða ráðherra. Ráðherrabílstjóri ekur ekki ráðuneytisstjóra þegar hann fer án ráðherra til útlanda í erindagjörðum.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem þeir nutu erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 1/2009 skulu styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði, sem ríkisstarfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur, koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni.